

meðfylgjandi uppdrætti með X. Þaðan suður í Bræður, sem er stór klofinn klapparhóll með tveimur vörðum á. Þaðan beina stefnu í Merkinessundvörðu. 26. maí **3**

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar skal lagt fyrir yður að sjá um að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt með skjölum hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti halda við á hreppssjóðs-kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Guðlaugar Hjálmarsdóttur handa heilsuveilum þjónustukonum í Reykjavík, 60 ára eða eldri“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. janúar 1931. Skipulagsskráin er þannig: **4** **21. jan.**

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Styrktarsjóð Guðlaugar Hjálmarsdóttur handa heilsuveilum þjónustukonum í Reykjavík, 60 ára eða eldri.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðafyrirmælum Guðlaugar Hjálmarsdóttur. Höfuðstóllinn er verðmæti þau, sem útlögð verða á skiptum á búi hennar, og mun verða gerð áritun þar að lútandi á skipulagsskrá þessa.

2. gr.

Sjóðnum stjórna 3 menn, sá dómkirkjuprestanna í Reykjavík sem elztur er að embættisaldri, frikirkjupresturinn í Reykjavík og einn maður tilnefndur af bæjarstjórn Reykjavíkur, og vinna þeir kauplaust. Stjórninni ber að gera reikningsskil árlega, sem dómsmálaráðuneytið endurskoðar og úrskurðar.

3. gr.

Höfuðstóllinn skal geymdur samkvæmt fyrirmælum um fé ómyndugra, helzt í ríkisskuldabréfum, veðdeildarbréfum eða lánafélagsskuldabréfum; verðbréfin skulu skráð á nafn sjóðsins, og ritar dómsmálaráðuneytið á þau bannáritun. Ekki má leggja féð í hlutabréf eða útlán til einstakra manna.

4

4. gr.

21. jan.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, að minnsta kosti $\frac{1}{4}$ ársvaxta skal lagður við höfuðstólinn. Hinum hluta vaxtanna skal sjóðstjórnin útbýta til verðugra og fátækra heilsuveilla þjónustukvenna í Reykjavík, 60 ára eða eldri, helzt með 100 eða 200 króna upphæðum á ári og þannig, að sami styrkþegi haldi áfram að fá styrk á meðan ástæður hennar eru óbreyttar.

5. gr.

Leitað skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Kaupmannahöfn, 26. nóvbr. 1930.

Sem skiptaforstjóri
Jón Krabbe.

5

22. jan.

SAMÞYKKT

fyrir

Fiskiræktarfélagið Rangá.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktarfélagið Rangá.

Heimili þess og varnarþing* fellur saman við heimili og varnarþing formanns félagsins á hvaða tíma sem er.

2. gr.

Félagssvæðið eru allar jarðir, er liggja að Hólsá, Rangá ytri upp að Árbæjarfossi og við Hróarslæk, og allar jarðir, er liggja að Rangá eystri upp að Tungufossi, að meðtöldum jörðum við Stokkalæk og Fiská upp að Skútufossi.

3. gr.

Verkefni félagsins er að koma á laxveiði í nefndum ám (Rangánum) og auka fiskmagn þeirra með klaki, friðun og eyðingu sels og annars veiðivargs, svo og setja reglur um veiðitæki og veiðiaðferð, ef nauðsyn krefur, eftir því sem lög leyfa.

4. gr.

Félagið skiptist í 4 deildir, er heita: Þykkvabæjar- og Ásahreppsdeild, Vestur-Landeyja- og Bakkabæjadeild, Rangárvalladeild, Hvolhreppsdeild, eftir því hverju svæði þær jarðir tilheyra, er veiðiréttur fylgir.